

Hlíf Sigurjónsdóttir nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík, fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaháskólann í Banff og nam einnig hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu hljóðfæraleikurum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach.

Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljóm-sveitum og kammersveitum víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Kanada. Hún hefur frumflutt mörg tónverk sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana. Í ágúst 2008 kom út tvöfaldur geisladiskur með öllum partítum og sönötum fyrir einleiksfiðlu eftir J. S. Bach í flutningi hennar.

Þann 11. janúar síðast liðinn hélt Hlíf einleikstónleika í Merkin Concert Hall í New York borg og hlaut frábæra dóma.

*Sönötur og Partítur fyrir einleiksfiðlu eftir J.S. Bach hafa fylgt mér allar götur frá námsárum mínum hjá Birni heitnum Ólafssyni konsertmeistara, en ég var svo lánsöm að stunda nám hjá þessum frábæra tónlistarmanni. Björn áleit þessi tónverk vera biblíu fiðluleikarans og mér eru þau mjög hugstæð. Læri-meistari Björns var fiðluleikarinn Adolf Busch. Síðasti kennari minn, Gerald Beal, sem numið hafði hjá Jascha Heifetz, opnaði nýjar leiðir að þessum tónsmíðum með frumlegum tækni-
legum lausnum og tærri músíkalskri nálgun.*

Jónas Tómasson samdi Vetrartré fyrir mig vorið 1983, en þá hafði ég kennt tvo vetur á Ísafirði. Síðari veturinn hafði verið með afbrigðum snjópungur og þegar ég kvaddi Ísafjörð í júní voru enn fannir í garðinum hjá Jónasi og Siggu og var Jónas að hlúa að trjám og saga greinar sem brotnað höfðu undan fargi vetrarins.

Hlíf Sigurjónsdóttir
www.HlifSigurjons.is

Minningarsjóður Kristjáns Eldjárns gítarleikara

Hlíf Sigurjónsdóttir
fiðluleikari

Tónleikar í Kristskirkju
sunnudaginn 18. apríl 2010 kl. 20:00

Efnisskrá

Minningarsjóður Kristjáns Eldjárns gítarleikara heldur tónleikana og rennur allur ágóði af þeim til sjóðsins. Sjóðurinn var stofnaður 2003 til minningar um Kristján Eldjárn gítarleikara sem lést 22. apríl 2002, tæplega þrítugur að aldri. Sjóðnum er ætlað að verðlauna framúrskarandi tónlistarmenn. Fyrst var veitt úr sjóðnum á 35. afmælisdegi Kristjáns 16. júní 2007 og hlaut þá viðurkenningu Kristinn H. Árnason gítarleikari. Daníel Bjarnason, tónskáld og hljómsveitarstjóri hlaut viðurkenningu 2009. Stefnt er á að úthlutað verði annað hvert ár þar til sjóðurinn hefur eflst nægjanlega til árlegra viðurkenninga.

<i>Johann Sebastian Bach</i> 1685 – 1750	Sónata I í g moll BWV 1001 Adagio Fuga, Allegro Siciliana Presto
<i>Jónas Tómasson</i> f. 1946	Vetrartré <i>samin 1983 fyrir Hlíf og tileinkuð henni</i> góð tré sorgmædd tré óð tré þögul ...
<i>Johann Sebastian Bach</i>	Úr Partítu II í d moll BWV 1004 Ciaccona